

Olweusaráætlun gegn einelti í 45 grunnskólum

-viðamesta símenntunarverkefni í grunnskólum á Íslandi-



Dan Olweus

MBL©

Olweusaráætlunin er forvarnarverkefni unnið í samvinnu menntamálaráðuneytis, [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#), [Kennarasambands Íslands](#) auk þátttöku samtakanna [Heimilis og skóla](#) og með sérstökum stuðningi [Kennaraháskóla Íslands](#). Verkefnið er kerfisbundin áætlun fyrir tvö skólaár og er markmiðið að koma í veg fyrir einelti í grunnskólum. Allir starfsmenn skólanna og fulltrúar íþróttasamtaka auk annarra hittast reglulega í tvö skólaár til að innleiða fræðin. Markmiðið er að skapa skólabrag og bekkjaranda þar sem einelti nærast ekki og unnið er kerfisbundið í eineltismálum. Skólinn talar einum rómi þegar kemur að þessum alvarlegu málum og úrvinnslu þeirra. Hverjum einasta nemanda á að tryggja öryggi og foreldrar eiga ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að barnið þeirra sé lagt í einelti.

Olweusaráætlun gegn einelti í 45 grunnskólum á Íslandi

Olweusaráætlun gegn einelti á Íslandi hófst formlega haustið 2002 með þátttöku 43 grunnskóla. Nýverið bættust tveir nýir skólar við og eru því

þátttökuskólarnir nú 45, sem er tæpur fjórðungur allra grunnskóla í landinu. Nemendur í þátttökuskólum eru um 13 þúsund, sem er tæpur þriðjungur nemenda í landinu. Eineltisáætlunin er viðamesta símenntunaráætlun í grunnskólum á Íslandi en á skólaárinu 2003-2004 eru um 1400 kennarar þátttakendur og um 600 starfsmenn við stoðþjónustu skólanna.

Einelti minnkar um allt að helming

Dan Olweus, sem áætlunin er kennd við, er prófessor við Háskólann í Björgvin. Áætlunin byggir á kenningum hans og hefur hún víða verið tekin upp. Norska ríkisstjórnin býður t.d. öllum skólum í Noregi að ganga inn í kerfið. Sýnt hefur verið fram á að einelti minnki um allt að helming í þeim skólum sem taka upp áætlunina í Noregi. Jafnframt fækkar hvers kyns skemmdarverkum og börnunum líður betur. Frekari upplýsingar um Dan Olweus og kerfi hans er að finna á vefslóð Háskólans í Björgvin: [forebygging.no](#).

Einelti kannað meðal nemenda

Nú þegar hafa nokkrir skólar og sveitarfélög til viðbótar lýst áhuga á að taka þátt og innleiða kerfið hjá sér. Þessir skólar ásamt þeim 45 skólum sem fyrir eru í verkefninu koma til með að leggja viðamikla könnun fyrir alla nemendur í 4. – 10. bekk þar sem leitað er svara við því hvort einelti sé til staðar og um ýmislegt er tengist líðan nemenda og samskipti í skólanum. Í fyrstu könnuninni, sem lögð var fyrir í nóvember 2002, kom í ljós að áttundi hver nemandi í 4. – 7. bekk segist vera lagður í einelti. Þetta þýðir að í hverjum bekk eru að jafnaði 2 - 4 nemendur sem þjást af völdum eineltis. Í 8. - 10. bekk segjast einn af hverjum fjórtán nemendum vera lagðir í einelti.

Bæklingur til allra foreldra nemenda í þátttökuskólum

Sérstökum foreldrabæklingi verður dreift í október til allra foreldra barna sem eru í eineltisáætluninni. Höfundur ritsins er Dan Olweus prófessor. Bæklingurinn er þýddur úr norsku og staðfærður að nokkru miðað við íslenskar aðstæður. Bæklingurinn er hluti þess námsefnis sem notað er í Olweusaráætluninni gegn einelti.

Fleiri skólar með haustið 2004

Í sumar sendi menntamálaráðuneytið út [dreifibréf](#) til allra skóla, skólaskrifstofa og sveitarfélaga og vildi með því kanna áhuga skóla á þátttöku í eineltisverkefninu. Skólastjórnendur rúmlega þrjátíu skóla hafa lýst yfir áhuga á að vera með þegar næsti skólahópur fer af stað með vinnu í eineltisáætluninni. Miðað er við að í upphafi skólaárs haustið 2004 geti allt að 40 skólar hafið störf samkvæmt Olweusaráætluninni. Sé gert ráð fyrir að þeir skólar sem þegar eru í verkefninu haldi áfram að vinna samkvæmt eineltisáætluninni stefnir í að helmingur allra grunnskólanemenda verði í Olweusarverkefninu við upphaf skólaárs 2004. Fljótlega verður kallað eftir umsóknum um þátttöku frá og með skólaárinu 2004-2005.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir:

Þorlákur H. Helgason
framkvæmdastjóri Olweusarverkefnisins á Íslandi,
thorlaku@khi.is.

Niðurstöður könnunarinnar og ýmsar fleiri upplýsingar um verkefnið eru að finna á vef menntamálaráðuneytisins [menntamalaraduneyti.is](#).

Tómstundir og íþróttir hafa áhrif á lífsstíl ungmenna

Fulltrúar Rannsóknar og greiningar ehf greindu frá helstu niðurstöðum úr nýrri rannsókn á högum barna er nefnist *Ungt fólk 2003* á árlegum fundi menntamálaráðuneytis með íþróttá-, æskulýðs- og tómsundarfulltrúum þann 9. október sl. Í rannsókninni voru spurningalistar lagðir fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Í ljós kom að miklu máli skiptir hvers eðlis frístundir unglinga eru. Þannig hefur verið sýnt fram á að íþróttir og aðrar tómstundir sem eru skipulagðar og í umsjá ábyrga aðila (t.d. foreldra, kennara, leiðbeinenda eða þjálfara) draga úr líkum á því að



unglingar tileinki sér lífsstíl sem felur í sér frávíkshæðun á borð við vímuefnaneyslu.

Á fundinum var kynnt það helsta sem er á döfinni í íþróttá-, æskulýðs- og tómsundastarfi í landinu. Svandís Nína Jónsdóttir, verkefnastjóri og Sigríður Hulda Jónsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, fjölluðu um verkefnið *Vertu til* sem er á vegum [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) og [Áfengis- og vímuefnarráðs](#). Þá kynnti Petrun Bj. Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá [ÍSL](#), verkefnið *Fyrirmyndartélag ÍSÍ* og Bragi Guðbrandsson, forstjóri [Barnaverndarstofu](#), flutti erindið *Ofbeldi gegn börnum og ungmönnum*. Helga G. Halldórsdóttir, skrifstofustjóri innanlandsstarfs [Rauða kross Íslands](#), fjallaði um Ungmennahús. Lífflegar umræður meðal þátttakenda voru að loknum erindum.

Fimmtíu íþróttá-, æskulýðs- og tómsundafulltrúar víðsvegar af landinu sátu fundinn auk fulltrúa frá Æskulýðsráði ríkisins og íþróttanefnd.

Af umræðuþingi um styttingu náms til stúdentsprófs á [menntagatt.is](#)

„Ég er andvígur því að lítið sé á það sem aðferð til að fækka skólaárum til stúdentsprófs að fjölga skóladögum og lengja þá. Það er alveg þarflaust að mínu mati, jafnvel skadlegt og líklegt til að skapa enn meiri skólaleiða og þreytu. Það sem þarf er að koma meira námi fyrir á þann tíma sem við nú höfum, jafnvel stytta hann, því að sá lágmarks vinnutími sem krafist er af framhaldsskólanemum er of langur. Við höfum til þess möguleika, nú fremur en nokkurn tíma fyrr að stytta þann tíma sem við ætlumst til að nemendur noti í námið. Þá á ég við tölvutæknina, sem gerir þörfina fyrir hefðbundnar kennsluáðferðir itróðslu og einræðu kennaranna miklu minni en áður. Við eigum vel að geta komið meira magni náms fyrir á styttri tíma en áður.“

Guðmundur Sæmundsson, kennslustjóri. Hluti af færslu sem birtist 9. október 2003 undir þræðinum „Stytting er góð“.

